

Fundinn sátu: Jónas Guðmundsson, Hildur Helga Gísladóttir, Guðlaug B. Guðjónsdóttir, Árni Einarsson, Laufey Guðmundsdóttir, Ásdís Eva Hannesdóttir, Vilmundur Gíslason, Ingveldur Jónsdóttir og Tryggvi Axelsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 14. desember 2022.
2. Skattamálin—næstu skref.
3. Lýðræðishátíðin fundir fólksins—breytt staða.
4. Ráðstefna um frjáls félagasamtök—þróun hugmyndar.
5. Samfélagsleg nýsköpun—fundur með ráðherra.
6. Námskeið—bókhaldsnámskeið.
7. Aðalfundur—tímasetning, uppstillingarnefnd o.fl.
8. Önnur mál:
Sjálbærni ráð
Samkomulag við U3A
Könnun meðal aðildarféлага

1. Fundargerðin samþykkt.
2. Skatturinn hefur svarað fyrirspurn Almannaheilla sem kynnt var á síðasta stjórnarfundum. Samkvæmt svarinu er málið í skoðun. Samþykkt að setja fyrirspurnina á vefsíðu Almannaheilla. Rætt um að Almannaheill móti tillögur um endurgreiðslu á virðisaukaskatti af aðföngum. Tillagan yrði send með öðrum aðalfundargögnum í vor til umfjöllunar á aðalfundi.
3. Formaður sagði frá fundi með Norræna félaginu sem óskar eftir því að draga sig út úr framkvæmd Fundar fólksins. Hann sagði einnig frá samskiptum við Reykjavíkurborg um túlkun samstarfssamningsins við borgina. Áætlaður er fundur með starfshópi Almannaheilla um Fund fólksins í næstu viku þar sem þessi mál munu vonandi skýrast.
4. Háskólinn á Bifröst hefur lýst áhuga á að koma að slíkri ráðstefnu. Fram kom áhugi á að kanna samstarf við Bifröst. Rætt um möguleika á að halda ráðstefnuna í maí næstkomandi.
5. Formaður upplýsti að framundan væri fundur með ráðherra háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarmála. Á þeim fundi verður erindi Almannaheilla um stuðning við samfélagsleg þróunarverkefni fylgt eftir.
6. Búið er að kynna bókhaldsnámskeiðið fyrir aðildarfélagunum og opna á umsóknir. Síðasti skráningardagur er 4. febrúar næstkomandi. Áfram er unnið er að undirbúningi námskeiðs í fundarstjórn í samstarfi við UMFÍ. Stefnt er að því að fyrirkomulag þess liggi fyrir um næstu mánaðarmót og að hægt verði að halda það upp úr miðjum febrúar.

7. Samþykkt að halda aðalfund Almannaheilla 8. júní næstkomandi í húsnæði Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð 8. Rætt um undirbúning fundarins, fundarstjóra, ritara fundar og annan undirbúning svo sem ársreikning. Samþykkt að fela formanni að leita til sömu aðila og í fyrra um setu í uppstillingarnefnd.
8.
 - a. Upplýst að formaður Almannaheilla tekur sæti í Sjálfbærni ráði, en ósk forsætisráðuneytisins um tilnefningu frá þriðja geiranum í Sjálfbærni ráð var kynnt á síðasta fundi stjórnar.
 - b. Formaður kynnti drög að samkomulagi við U3A-Háskóla þriðja aldursskeiðsins um afnot af húsnæðinu í Urriðaholtsstrætinu. Stjórn samþykkir að formaður undirriti samkomulagið fyrir hönd Almannaheilla.
 - c. Rætt um könnun meðal aðildarfélaga þar sem spurt væri meðal annars um Heimsmarkmiðin, Fund fólksins og óskað eftir hugmyndum um áherslur og verkefni fyrir Almannaheill. Formaður setur upp drög að spurningum.

Fundi slitið kl. 11:05.

Fundargerð ritaði Árni Einarsson.